



tonihar009

Heldur fór að halla undan fæti þegar við fórum að spila við sterkari þjóðir. Það mátti búast við því. Norðurlandþjóðirnar hafa ekki verið góðir viðskiptavinir, það gekk illa á móti þeim. Mótið er gríðarlega jafnt og spennandi og það verða örugglega bara einhverjir yfirslagir sem ráða úrslitum um hverjir komast á Bermuda Bowl. Sumt kemur á óvart, annað minna. Það er ekkert mjög óvænt hér á ferð ennþá.

Þriðjudagur 12.júní

Leikur 19

Ítalía

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 49-1 19,07 stig

Okkur hefur oft vegnað ágætlega á mótí ítölum og ég gerði mér vonir um sigur á mótí þeim. Á ég kannski bara að halda mér við svartsýnina. Hér áður fyrr þurftum við bara nokkrar slemmur í leikinn við þá, og sigurinn var vís. Núorðið er ég ekkert allt of ánægður með slemmurecordið svo það er liðin tíð. Ítalir eru þrautþjálfaðir atvinnumenn. Þeir eru alveg gríðarlega sterkir í vörninni. Íslendingar hafa mikið fylgst með ítölum undanfarna tvo áratugi eða lengur og tekið margt upp af þeim sagnvenjum sem þeir nota. Þeir virðast vera einstaklega hugmyndaþjálfar þegar kemur að sagnvenjum og kerfum. Á tímum Belladonna og félaga þá spiluðu þeir bláa laufið sem er sterkt lauf kerfi. Samt voru það þeir sem fundu upp Gazilli eða Hexuna eins og við köllum hana sem er orðinn nauðsynlegur partur í eðlilegu sagnkerfi. Hún náði bara ekki útbreiðslu því þeir voru ekki að spila eðlileg kerfi í þá daga. 2+ lauf og yfirfærslur við því er ættað frá þeim auk fjölda annara hugmynda sem við notum í dag.

Það er nýliði hjá þeim í liðinu. Ég hélt þegar ég sá hann fyrst að Duboin hafi komið með krakkann sinn til að horfa á. Seinna sá ég að krakkinn bar merki sem þátttakandi; Donati. Ja hjarna, hann lítur ekki út fyrir að vera nema 12-13 ára. Við eigum eftir að sjá meira af honum í framtíðinni.



Giovanni Donati

Duboin finnst gott að sofa út á morgnana svo við fengum ekki að glíma við strákinn að þessu sinni. Þessum leik var lýst í sýningarsalnum og var á bbo svo landinn veit allt um leikinn. Flottur leikur á báðum borðum skilaði stórsigri. Ekkert gekk upp hjá ítölunum og þeir hittu ekki á kellingarnar. Bessi fékk 9 slagi í 1nt í spili 5 þegar ítölum var mjög óvænt mislagðar hendur í vörninni.



Það lá vel á þeim fyrir leik. Argentínumennirnir í ítalska liðinu minntust á að ekkert væri öruggt í boltanum. Þeir rifjuðu upp leik við Kamerún sem fór illa fyrir nokkrum árum.

Þetta var langbesta spil Ítalanna í leiknum

Spil 6 A/AV

♠ 64	
♥ AKT63	
♦ 65	
♣ AJ54	
♠ J3	♠ AT98752
♥ Q875	♥ --
♦ KJ7	♦ T432
♣ KQ63	♣ 98
♠ KQ	
♥ J942	
♦ AQ98	
♣ T72	

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Sementa	Jón	Bocchi	Bessi
		3 ♠	pass
Pass	4 ♥	allir pass	

Hér gleymdi Jón kerfinu, 4 hjörtu er hjarta + lauf í kerfinu en Jón meldaði það bara

sem hjarta. Samkvæmt hugmyndum keppnisstjóra þá á andstaðan rétt á að vita hvað sögnin þýðir skv. kerfinu. Jón stóð 4 hjörtu eftir að Bocchi lyfti spaðaásnum og svissaði í lauf. Á hinu borðinu spilaði Madala hindrarann upp á Hx í laufinu og fór niður eins og svo margir í salnum. Skori var breitt í að Jón stendur spilið í sama hlutfalli og salurinn, skorið fór úr +10 impum í +4 impa. En þetta eru skrítnar reglur hjá keppnisstjórum og mjög einkennilegt að þeir í sínum dóm vitna hvergi í lög og reglur.

Leikur 20

Ungverjaland

NS Alli-Matti

AV Ómar-Raggi

Í impum 34-36 9,39 stig

Fyrir daginn var ég miklu hræddari við leikinn gegn Ungverjum. Þeir eru hér á og við toppinn í mótinu og eru að spila vel. Þeirra aðkall, a.m.k. mest áberandi spilar er Gabor Winkler. Hann er í mínum stærðarflokk, nokrum exxxum, og er ekkert að fela það. Ánægður með hann. Og síbrosandi. Ég vonaði innilega að okkar menn næðu að þurrka af honum glottið um stund.

Þetta eru allt toppbaráttuleikir sem við erum að spila núna svo við erum öllum stundum á bbo. Mér finnst það ekki gott en spilurunum líkar það vel.

Eftir ágæta stöðu í leiknum þá dattu út impar í síðustu spilunum. Er það að verða of algengt?



Það gekk illa hjá okkar mönnum að þurrka glottið af Winkler. Þetta er bæði fyrir og eftir myndin.

Umferð 6 Seniors
V/NS

♠ T9863	♠ 752
♥ KQ92	♥ 764
♦ J95	♦ T6
♣ 8	♣ QJT92
♠ QJ4	
♥ AJT5	
♦ K742	
♣ 76	
♠ AK	
♥ 83	
♦ AQ83	
♣ AK543	

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Sævar		Karl	
	1 ♣		1 ♠
	2 ♣		2 ♥
	3nt		

Þetta spil kom upp í leik við Pólverja í Seniors flokki. Pollinn opnaði á sínu Pólska laufi og við tóku eðlilegar sagnir, 2 lauf er eðlilegt sterkt. Sævar spilaði út tígul tvist, lítið, tíá, drottning. Hér má spila upp á hjartaás réttan eða kannski dúkka lauf og spila upp á það 4-3. Pólverjinn fór í spaðann. Tók ás og kóng og spilaði tígli að blindum. Sævar fór upp með kóng og spilaði laufi til að slíta samganginn. Sagnhafi átti það á kóng, fór inn í blindan á tígul og fríaði spaðann. Inni á spaðagosa spilaði Sævar sig út á hjartagosa. Sagnhafi tók nú fríu spaðana í blindum og spilaði hjarta. Í tveggja spila lokastöðu lagði hann upp og sýndi minoraásana sína. Bíddu við! Sævar tók á hjarta ásinn og sagnhafi var gúmmískvís, hann varð að henda öðrum í hjartaásinn. Við Íslendingar eru stundum of ethical og Sævar bauð honum að velja. Pollinn hitti ekki á rétta ásinn, Sævar átti laufhundinn eftir og Kalli fékk síðasta slaginn á lauf.

Leikur 21

Þýskaland

NS Jón-Bessi
AV Ómar- Raggi
Í impum 28-38 7,20 stig

Það hefur verið upp og niður gegn Þjóðverjum í undanförunum mótum. Þeir eru erfiðir andstæðingar. Það voru ekki farnar neinar ferðir á Esjuna í ár svo nú gæti þreyta farið að segja til sín.

Þetta var leikur hinna glötuðu tækifæra. Nokkrar slakar meldingar og samningum spilað í sjóinn. Spilararnir ekki með hugann við efnið. Þetta var okkar áberandi versti leikur til þessa.

En það eru fleiri en við sem melduðu illa í þessum leik. Roy og Sabina í þýska liðinu lentu í 6 hjörtum í spili 16 með þetta;

♠AJ42 ♥A87 ♦A98 ♣AK9

Á móti

♠K873 ♥K9 ♦J7654 ♣Q3

Það geta fleiri en við lent í misskilning. Eftir nokkra hringi og lokasögnina 6h útskýrði hún; Hann á hjartalit og laflit til hlðar. Hann útskýrði; hún á hjartalit og lauf. Merkilegt dobbelfitt hjá þeim með 3-2 fitt í báðum litum.



Bocchi og Sementa á leið í flengingu.

Butlerinn eftir 21. Umferð

Jón - Bessi +0,58 223 spil
Matti - Alli +0,33 208 spil
Ómar - Raggi +0,18 208 spil

Eftir fína byrjun þá slaknaði á genginu hjá konunum og seniorunum. Gera betur á morgun.



Anna Guðlaug á sínu fyrsta EM

Hvað þýðir sögnin?

<i>Vestur</i>	<i>Norður</i>	<i>Austur</i>	<i>Suður</i>
2 ♠*	pass	3 ♣*	3 ♥
Pass	4 ♠ ?		

2spaðar er tartan og 3 lauf er leitandi.

Það má ekki gleyma sér í sagnvenjunum og flækjunum. Boye Brogeland átti ;

♠KQJT97 ♥K ♦xx ♣T9xx og meldaði eðlilega 4 spaða og spilaði þá, í 5 lit andstæðingsins! Makkerstraut.

tonihar009, 13.júní 2018

tonihar@simnet.is